

MANNAUÐSSTEFNA NORÐURORKU

Norðurorka er veitufyrirtæki sem þjónustar heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni, dreifingu á raforku og rekstri fráveitu.

Stefna fyrirtækisins er að hafa yfir að ráða hæfu, ábyrgu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar vinnuumhverfi, sem einkennist af metnaði og jákvæðni.

Norðurorka kappkostar að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem umhyggja er borin fyrir sérhverjum starfsmanni. Með áherslu á starfsmannaval, jafnrétti, launajafnrétti, starfsumhverfi, upplýsingastreymi, starfsþróun og fyrirtækjamenningu er skapaður eftirsóknarverður vinnustaður með gildi fyrirtækisins, *Virðing – Fagmennska – Traust* að leiðarljósi.

Norðurorka fylgir eftirfarandi áherslum:

- Fyrirtækið ræður og hefur á að skipa **hæfu starfsfólki** sem uppfyllir kröfur um fagþekkingu, verkkunnáttu og reynslu.
- **Jafnréttis** skal gætt í hvívetna og rík áhersla á að allir fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, trúarbragða, stjórnámálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.
- **Launajafnrétti** skal náð með áherslu á jafna stöðu og rétt karla og kvenna um jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Tryggja skal að **aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi** á vinnustöðum starfsfólks séu ávallt í samræmi við þær kröfur sem fram koma í opinberum reglum á hverju tíma enda eru það gagnkvæmir hagsmunir allra að vellíðan og heilbrigði starfsfólks sé haft að leiðarljósi.
- **Starfsþróun** er samstarfsverkefni fyrirtækis og starfsfólks sem Norðurorka stuðlar að með því að bjóða reglulega upp á námskeið, styrkja og hvetja til virkrar sí- og endurmenntunar.
- Uppbygging **jákvæðrar fyrirtækjamenningar** þar sem samskiptin einkennast af gildum Norðurorku, virðingu, fagmennsku og trausti, opnum og hreinskilnum skoðanaskiptum og **öflugri miðlun upplýsinga**. Þannig taka allir þátt í að skapa umhverfi sem er laust við einelti, fordóma, óviðeigandi hegðun og kynferðislega áreitni.
- Skapa skal starfsfólki aðstæður til að samræma kröfur **starfs- og fjölskylduábyrgðar** eins og kostur er.